

Athugasemdir við frumvarp til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða

1.

Í 2. gr. frumvarps er ekki vísað til "lífeyrissjóðs viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps" eins og gert er í l. nr. 55/1980 en þessi grein má heita formgerv-ing á tímamótasamningum ASÍ-félaganna og VSÍ um almennan lífeyrissparn-að launamanna skv. kjarasamningum stéttarfélaga. Ástæða er til að vara við röskun á orðalagi þessarar greinar sem gæti orðið þess valdandi að draga úr tiltrú á hinu kjarasamningsbundna lífeyriskerfi launamanna.

2.

Í 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins er vísað til þess að um lífeyrissjóðsaðild fari eftir því sem kveðið er á um í lögum, kjarasamningum eða ráðningarsamningum. Í skýringum með þessari grein segir orðrétt:

Sé ekki kveðið á um aðildina í sérlögum eða kjarasamningi getur vinnu-veitandi gert þá kröfu í ráðningarsamningi að starfsmaður hans greiði í tiltekinn lífeyrissjóð.

Hér fer ekki á milli mála að vinnuveitanda er veitt vald til að ákveða lífeyris-sjóðsaðild annarra en þeirra sem hafa vísa aðild skv. lögum eða kjarasamn-ingum. Eðlilegra væri að löggjafinn reyndi fremur að styrkja samningsstöðu starfsmanna fremur en að veita vinnuveitanda sjálfðæmi um þessa mikilvægu ákvörðun.

Í umfjöllum um sömu málsgrein er fjallað um stöðu hjúkrunarfræðinga og grunnskólakennara sem nú eru sjóðfélagar í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga. Þar segir að svelturfélagi sé heimilt að gera starfsmönnum sínum skylt að greiða í lífeyrissjóð sveitarfélagsins nema að það hafi samið um aðra skipan og er þá vísað til ofangreindra hópa. Þessi tilvísun er ekki alls kostar rétt, vegna þess að skylduaðild hjúkrunarfræðinga og grunnskólakennara að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga byggir á ákvæðum laga nr. 1/1997 og nr. 2/1997 en þar er málsaðilum heimilt til framtíðar að semja sín á milli um aðild að lífeyrissjóði.

Heppilegast væri að 2. mgr. 2. gr. orðist svo:

Um aðild að lífeyrissjóði fer eftir því sem kveðið er á um í sérlægum eða kjarasamningum stéttarfélags og atvinnurekenda og í samþykktum hlutaðeigandi lífeyrissjóðs.

Í greinargerð gæti komið fram að skylt sé að virða lögbundna eða kjarasamningsbundna aðild að lífeyrissjóði en einstaklingar hafi að öðru leyti fullan samningsrétt um val á lífeyrissjóði eftir því sem þeir eiga kost á, sbr. samþykktir starfandi lífeyrissjóða. Mikið af umfjöllun um 2. mgr. 2. gr. í frumvarpinu er óþarft.

3.

Víða í frumvarpinu kemur fram að það miðast við að skyldutrygging í lífeyrissjóði byggji á þekktu umsömdu iðgjaldi. Einkum er þetta mikilvægt í 4., 5. og 6. gr. frumvarpsins. Lífeyrisréttindi þeirra opinberu starfsmanna sem eru í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga byggja ekki á skyldutryggingu í formi tiltekins iðgjalds heldur á fyrirframákveðnum lögvörðum lífeyrisréttindum en fjármögnunin byggir á 4% iðgjaldi launamanns og breytilegu iðgjaldi launagreiðanda. Til að byrja með verður heildariðgjald í þessum sjóðum 15,5%.

Hugmynd 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins felst í því að skipta skyldutryggingu í lífeyrissjóði í lágmarksiðgjald, a.m.k. 10%, og viðbótariðgjald. Ekki verður séð af frumvarpinu að Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins eða Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga séu undanþegnir þessu ákvæði. Viðbótariðgjaldi má starfsmaður ráðstafa til viðbótarsamtryggingar í lífeyrissjóði eða séreignarsparnað. Iðgjaldi til almennra lífeyrissjóða er ætlað að kaupa tiltekin réttindi. Iðgjaldi í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga er hins vegar ekki ætlað að kaupa tiltekin réttindi einstaklings heldur ákvarðast iðgjaldið hverju sinni út frá mati tryggingafræðings á nauðsynlegu iðgjaldi til að standa undir lögbundnum réttindum. Hækkun iðgjalds gæti átt rætur að rekja til vaxandi örorku en einnig til vanmats á áður áætluðum kostnaði vegna réttindaöflunar sjóðfélaga sem gætu verið hættir að greiða í sjóðinn. Fáir launamaður forræði yfir hluta af nauðsynlegu iðgjaldi við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga til séreignarsparnaðar gæti það kippt stoðum undan fjármögnun á lögbundnum réttindum í þessum sjóðum.

Af þessum ástæðum ber að orða 1. mgr. 5. gr. orðist svo:

Skyldutrygging í lífeyrissjóði skal að lágmarki nema 10%. Í lögbundnum og kjarasamningsbundnum lífeyrissjóðum þar sem réttindi eru fyrirframákveðin telst þó skyldutryggingariðgjald að lágmarki það iðgjald sem þarf til að standa undir samningsbundnum eða lögbundnum réttindum

Í samræmi við þetta yrði umorða 2. mgr. 5. gr. þannig

Lágmarksiðgjald, a.m.k. 10% iðgjald og nauðsynlegt iðgjald í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga, sbr. 13. gr. l. nr. 1/1997 og nr. 2/1997, skal renna til lífeyrissjóðs. Umsamið

iðgjald umfram þetta iðgjald, en innan skylduþryggingar, er viðbótar-iðgjald.

Og 3. mgr. 5. gr. gæti orðast þannig:

Þá er heimilt í kjarasamningi að semja um viðbótariðgjald sem launamanni er heimilt að ráðstafa skv. samningi um lífeyrissparnað, skv. II. kafli laga þessara. Tilkynni launamaður ekki launagreiðanda eða lífeyrissjóði með hæfilegum fyrirvara hvert viðbótariðgjaldið skuli renna skal það varðveitt og ávaxtað hjá þeim lífeyrissjóði sem annast skylduþryggingu hans.

Samspil þessara þátta er sýnt í fylgiskjali með þessum athugasemdum merkt *Áhrif frumvarps um skylduþryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða á A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins*. Rétt er að taka fram að í þessu fylgiskjali er einnig fjallað um eldri hugmynd um 10.000 króna lágmarksiðgjald sem ekki er lengur í frumvarpinu.

Niðurstaðan er alla vega sú að orðalag 5. gr. í frumvarpinu er í hæsta máta ófullnægjandi frá sjónarhól þeirra sem eiga aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga.

4.

Ákvæði vantar sem tryggja að B-deild LSR falli ekki undir löginn !

5.

Bandalag háskólamanna leggur sérstaka áherslu á að alþingi breyti frumvarpi þessu þannig að tryggt sé að lögbundin lífeyrisréttindi og nauðsynlegt iðgjald til að standa undir þeim standi algerlega óhöggud. Bandalagið telur að verði svo gert mæli margt með því að þetta frumvarp verði samþykkt til að skapa traustan grundvöll undir starfsemi lífeyrissjóðanna og séreignarsparnað einstaklinga.

Reykjavík, 17. apríl 1997

Áhrif frumvarps um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða á A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins

Forsendur A-deildar LSR eru þær að:

- réttindin eru fyrirframákveðin
- tryggingafræðilegt mat er lagt á iðgjaldspörf m.v. samsetningu sjóðfélaga, aldur, kyn, dánar- og örorkulíkur, m. m.
- iðgjald er nú talið þurfa að vera 15,5% m.v. ofangreindar forsendur
- launamaður greiðir 4% af heildarlaunum
- launagreiðandi greiðir í breytilegt iðgjald það sem á vantar, þ.e. nú 11,5%

Tafla 1 sýnir iðgjald og stigamyndun í A-deild miðað við mismunandi tekjur og óbreytta iðgjaldspörf, 15,5%. Taflan sýnir einnig ráðstöfun í sérdeild ef heimilt væri að greiða aðeins 10% lágmarksiðgjald í (nýja) A-deild en afganginn, viðbótariðgjald, í sérdeild. Áhrifin eru þau að réttindi í nýrri A-deild munu í reynd alltaf miðast við 10% iðgjald og ef iðgjaldspörfin í A-deild verður alltaf óbreytt þá mun ellilífeyrir í nýrri A-deild nema um 64,5% af núverandi ellilífeyri. Með hækkandi launum fer meira bæði í samtryggingu A-deildar og sér eignarsparnað.

Tafla 1

Tekjur	A-deild				Sérdeild		Ný A-deild				
	%	krónur	stig	elliíf. m.v. 40 ár í kr.	%	krónur	%	krónur	stig	elliíf. m.v. 40 ár í kr.	% í samtrygg.
50,000	15.50%	7,750	1.00	38,000	5.50%	2,750	10.00%	5,000	0.65	24,516	64.5%
75,000	15.50%	11,625	1.50	57,000	5.50%	4,125	10.00%	7,500	0.97	36,774	64.5%
100,000	15.50%	15,500	2.00	76,000	5.50%	5,500	10.00%	10,000	1.29	49,032	64.5%
125,000	15.50%	19,375	2.50	95,000	5.50%	6,875	10.00%	12,500	1.61	61,290	64.5%
150,000	15.50%	23,250	3.00	114,000	5.50%	8,250	10.00%	15,000	1.94	73,548	64.5%
175,000	15.50%	27,125	3.50	133,000	5.50%	9,625	10.00%	17,500	2.26	85,806	64.5%
200,000	15.50%	31,000	4.00	152,000	5.50%	11,000	10.00%	20,000	2.58	98,065	64.5%
225,000	15.50%	34,875	4.50	171,000	5.50%	12,375	10.00%	22,500	2.90	110,323	64.5%
250,000	15.50%	38,750	5.00	190,000	5.50%	13,750	10.00%	25,000	3.23	122,581	64.5%
275,000	15.50%	42,625	5.50	209,000	5.50%	15,125	10.00%	27,500	3.55	134,839	64.5%
300,000	15.50%	46,500	6.00	228,000	5.50%	16,500	10.00%	30,000	3.87	147,097	64.5%
325,000	15.50%	50,375	6.50	247,000	5.50%	17,875	10.00%	32,500	4.19	159,355	64.5%

Tafla 2 sýnir iðgjald og stigamyndun í A-deild núverandi kerfis miðað við mismunandi tekjur og óbreytta iðgjaldspörf, 15,5%, en gert er ráð fyrir að framlag í sérdeild miðist við að einstaklingur spari að lágmarki 10.000 kr í nýrri A-deild en allt umfram það fari í sérdeild. Áhrifin eru m.a. þau að með vaxandi tekjum er æ stærri hluti lífeyrissparnaðar lagður í sérdeild en samtrygging í nýrri A-deild fest við ákveðna krónutölu. Eftirfarandi dæmi sýnir áhrifin: Við 325.000 kr. tekjur að meðaltali yfir starfsævina er samtrygging í nýrri A-deild aðeins 20% af lífeyrissparnaði m.v. núverandi reglur A-deildar. Ellilífeyri á mánuði yrði því 49.020 kr. m.v. 40 ára greiðslutíma í stað 247.000 kr.

Tafla 2

Tekjur	A-deild				Sérdeild		Ný A-deild				
	%	krónur	stig	ellilíf. m.v. 40 ár í kr.	%	krónur	%	krónur	stig	ellilíf. m.v. 40 ár í kr.	% í samtrygg.
50,000	15.50%	7,750	1.00	38,000	0.00%	0	15.50%	7,750	1.00	38,000	100.0%
75,000	15.50%	11,625	1.50	57,000	2.17%	1,625	13.33%	10,000	1.29	49,032	86.0%
100,000	15.50%	15,500	2.00	76,000	5.50%	5,500	10.00%	10,000	1.29	49,032	64.5%
125,000	15.50%	19,375	2.50	95,000	7.50%	9,375	8.00%	10,000	1.29	49,032	51.6%
150,000	15.50%	23,250	3.00	114,000	8.83%	13,250	6.67%	10,000	1.29	49,032	43.0%
175,000	15.50%	27,125	3.50	133,000	9.79%	17,125	5.71%	10,000	1.29	49,032	36.9%
200,000	15.50%	31,000	4.00	152,000	10.50%	21,000	5.00%	10,000	1.29	49,032	32.3%
225,000	15.50%	34,875	4.50	171,000	11.06%	24,875	4.44%	10,000	1.29	49,032	28.7%
250,000	15.50%	38,750	5.00	190,000	11.50%	28,750	4.00%	10,000	1.29	49,032	25.8%
275,000	15.50%	42,625	5.50	209,000	11.86%	32,625	3.64%	10,000	1.29	49,032	23.5%
300,000	15.50%	46,500	6.00	228,000	12.17%	36,500	3.33%	10,000	1.29	49,032	21.5%
325,000	15.50%	50,375	6.50	247,000	12.42%	40,375	3.08%	10,000	1.29	49,032	19.9%

Tafla 3 sýnir iðgjald og stigamyndun í A-deild núverandi kerfis miðað við 170. þús. króna tekjur og mismunandi iðgjaldspörf, frá 10% til 20%. Gert er ráð fyrir að framlag í sérdeild miðist við iðgjald umfram 10% lágmarksiðgjald. Áhrifin eru m.a. þau að með vaxandi heildariðgjaldi til að fjármagni lögbundin réttindi fellur hlutur samtryggingar og hlutur sérdeildar vex. Þannig gæti kostnaðarauki A-deildar vegna vaxandi örorkulífeyriskostnaðar leitt til minni samtryggingar og aukinnar sértryggingar. Þetta byggist á orðalagi í 1. mgr. 13. gr. frumvarpsins en þar segir m.a.:

Þegar í hlut á lífeyrissjóður með föstum réttindum og breytilegu iðgjaldi skulu réttindin (stig) vegna lágmarksiðgjalds ávinnast á hverjum tíma í beinu hlutfalli við lágmarksiðgjald á móti heildariðgjaldi til sjóðsins.

Áhrifin eru þau að við vaxandi iðgjaldapörf A-deildar munu þau 10% sem renna til nýrrar A-deildar standa undir æ minni réttindum en framlag til sérdeildar eykst bæði í krónum og hlutdeild. Ástæða er til að vekja athygli á því að yngri fólkið með hærri tekjur kann að velja séreignasparnað langt umfram aðra sjóðfélaga. Afleiðing þess gæti orðið eftirfarandi:

1. Iðgjaldspörf sjóðsins myndi vaxa vegna breyttrar aldurssamsetningar að baki greiðandi sjóðfélögum í nýrri A-deild
2. Stór hluti iðgjalds aukningar myndi fara í sérdeild þar sem unga og tekjuhærra fólkið myndi áfram velja hið sama.
3. Þetta myndi leiða til víxlverkanna sem myndu knýja heildariðgjald áfram upp og draga stöðugt úr samtryggingu í A-deild uns Alþingi myndi stöðva

frekari iðgjaldshækkunir og láta áhrifin birtast í lækun 1,9-stuðuls, þ.e. skerðingu réttinda í A-deild.

Tafla 3

Tekjur	A-deild				Sérdeild		Ný A-deild				
	%	krónur	stig	elliíf. m.v. 40 ár í kr.	%	krónur	%	krónur	stig	elliíf. m.v. 40 ár í kr.	% í samtrygg.
170,000	10.00%	17,000	3.40	129,200	0.00%	0	10.00%	17,000	3.40	129,200	100.0%
170,000	11.00%	18,700	3.40	129,200	1.00%	1,700	10.00%	17,000	3.09	117,455	90.9%
170,000	12.00%	20,400	3.40	129,200	2.00%	3,400	10.00%	17,000	2.83	107,667	83.3%
170,000	13.00%	22,100	3.40	129,200	3.00%	5,100	10.00%	17,000	2.62	99,385	76.9%
170,000	14.00%	23,800	3.40	129,200	4.00%	6,800	10.00%	17,000	2.43	92,286	71.4%
170,000	15.00%	25,500	3.40	129,200	5.00%	8,500	10.00%	17,000	2.27	86,133	66.7%
170,000	15.50%	26,350	3.40	129,200	5.50%	9,350	10.00%	17,000	2.19	83,355	64.5%
170,000	16.00%	27,200	3.40	129,200	6.00%	10,200	10.00%	17,000	2.13	80,750	62.5%
170,000	17.00%	28,900	3.40	129,200	7.00%	11,900	10.00%	17,000	2.00	76,000	58.8%
170,000	18.00%	30,600	3.40	129,200	8.00%	13,600	10.00%	17,000	1.89	71,778	55.6%
170,000	19.00%	32,300	3.40	129,200	9.00%	15,300	10.00%	17,000	1.79	68,000	52.6%
170,000	20.00%	34,000	3.40	129,200	10.00%	17,000	10.00%	17,000	1.70	64,600	50.0%

Tafla 4 sýnir iðgjald og stigamyndun í A-deild núverandi kerfis miðað við 170. þús. kr. tekjur og mismunandi iðgjaldspörf frá 10% til 20%, en gert er ráð fyrir að framlag í sérdeild miðist við að einstaklingur spari að lágmarki 10.000 kr í nýrri A-deild en allt umfram það fari í sérdeild. Áhrifin eru þau að við vaxandi iðgjaldspörf A-deildar dregur úr þætti samtryggingar en hlutdeild séreignar-sparnaðar vex, þannig að við tvöföldun heildariðgjalds úr 10% í 20% helm-ingast elliífeyrir í nýrri A-deild að stigum og krónutölu, en séreignarpáttur fer úr rúmlega 4% í 14%.

Tafla 4

Tekjur	A-deild				Sérdeild		Ný A-deild				
	%	krónur	stig	elliíf. m.v. 40 ár í kr.	%	krónur	%	krónur	stig	elliíf. m.v. 40 ár í kr.	% í samtrygg.
170,000	10.00%	17,000	3.40	129,200	4.12%	7,000	5.88%	10,000	2.00	76,000	58.8%
170,000	11.00%	18,700	3.40	129,200	5.12%	8,700	5.88%	10,000	1.82	69,091	53.5%
170,000	12.00%	20,400	3.40	129,200	6.12%	10,400	5.88%	10,000	1.67	63,333	49.0%
170,000	13.00%	22,100	3.40	129,200	7.12%	12,100	5.88%	10,000	1.54	58,462	45.2%
170,000	14.00%	23,800	3.40	129,200	8.12%	13,800	5.88%	10,000	1.43	54,286	42.0%
170,000	15.00%	25,500	3.40	129,200	9.12%	15,500	5.88%	10,000	1.33	50,667	39.2%
170,000	15.50%	26,350	3.40	129,200	9.62%	16,350	5.88%	10,000	1.29	49,032	38.0%
170,000	16.00%	27,200	3.40	129,200	10.12%	17,200	5.88%	10,000	1.25	47,500	36.8%
170,000	17.00%	28,900	3.40	129,200	11.12%	18,900	5.88%	10,000	1.18	44,706	34.6%
170,000	18.00%	30,600	3.40	129,200	12.12%	20,600	5.88%	10,000	1.11	42,222	32.7%
170,000	19.00%	32,300	3.40	129,200	13.12%	22,300	5.88%	10,000	1.05	40,000	31.0%
170,000	20.00%	34,000	3.40	129,200	14.12%	24,000	5.88%	10,000	1.00	38,000	29.4%

Töflur 5 og 6 er algerlega sambærilegar á við töflur 3 og 4 en miða við lægri laun, þ.e. 135. þúsund kr mánaðarlaun í stað 170. þús. kr. mánaðarlaun.

Tafla 5

Tekjur	A-deild				Sérdæld		Ný A-deild				
	%	krónur	stig	elliðlf. m.v. 40 ár í kr.	%	krónur	%	krónur	stig	elliðlf. m.v. 40 ár í kr.	% í samtrygg.
135,000	10.00%	13,500	2.70	102,600	0.00%	0	10.00%	13,500	2.70	102,600	100.0%
135,000	11.00%	14,850	2.70	102,600	1.00%	1,350	10.00%	13,500	2.45	93,273	90.9%
135,000	12.00%	16,200	2.70	102,600	2.00%	2,700	10.00%	13,500	2.25	85,500	83.3%
135,000	13.00%	17,550	2.70	102,600	3.00%	4,050	10.00%	13,500	2.08	78,923	76.9%
135,000	14.00%	18,900	2.70	102,600	4.00%	5,400	10.00%	13,500	1.93	73,286	71.4%
135,000	15.00%	20,250	2.70	102,600	5.00%	6,750	10.00%	13,500	1.80	68,400	66.7%
135,000	15.50%	20,925	2.70	102,600	5.50%	7,425	10.00%	13,500	1.74	66,194	64.5%
135,000	16.00%	21,600	2.70	102,600	6.00%	8,100	10.00%	13,500	1.69	64,125	62.5%
135,000	17.00%	22,950	2.70	102,600	7.00%	9,450	10.00%	13,500	1.59	60,353	58.8%
135,000	18.00%	24,300	2.70	102,600	8.00%	10,800	10.00%	13,500	1.50	57,000	55.6%
135,000	19.00%	25,650	2.70	102,600	9.00%	12,150	10.00%	13,500	1.42	54,000	52.6%
135,000	20.00%	27,000	2.70	102,600	10.00%	13,500	10.00%	13,500	1.35	51,300	50.0%

Tafla 6

Tekjur	A-deild				Sérdæld		Ný A-deild				
	%	krónur	stig	elliðlf. m.v. 40 ár í kr.	%	krónur	%	krónur	stig	elliðlf. m.v. 40 ár í kr.	% í samtrygg.
135,000	10.00%	13,500	2.70	102,600	2.59%	3,500	7.41%	10,000	2.00	76,000	74.1%
135,000	11.00%	14,850	2.70	102,600	3.59%	4,850	7.41%	10,000	1.82	69,091	67.3%
135,000	12.00%	16,200	2.70	102,600	4.59%	6,200	7.41%	10,000	1.67	63,333	61.7%
135,000	13.00%	17,550	2.70	102,600	5.59%	7,550	7.41%	10,000	1.54	58,462	57.0%
135,000	14.00%	18,900	2.70	102,600	6.59%	8,900	7.41%	10,000	1.43	54,286	52.9%
135,000	15.00%	20,250	2.70	102,600	7.59%	10,250	7.41%	10,000	1.33	50,667	49.4%
135,000	15.50%	20,925	2.70	102,600	8.09%	10,925	7.41%	10,000	1.29	49,032	47.8%
135,000	16.00%	21,600	2.70	102,600	8.59%	11,600	7.41%	10,000	1.25	47,500	46.3%
135,000	17.00%	22,950	2.70	102,600	9.59%	12,950	7.41%	10,000	1.18	44,706	43.6%
135,000	18.00%	24,300	2.70	102,600	10.59%	14,300	7.41%	10,000	1.11	42,222	41.2%
135,000	19.00%	25,650	2.70	102,600	11.59%	15,650	7.41%	10,000	1.05	40,000	39.0%
135,000	20.00%	27,000	2.70	102,600	12.59%	17,000	7.41%	10,000	1.00	38,000	37.0%

Aðalatriði málsins eru þessi:

1. Verði valin sú leið að heimila séreignarsparnað umfram 10% lágmarks-iðgjald eða umfram 10. þúsund króna lágmarksiðgjald, er líklegt að stór hluti sjóðfélaga, einkum ungt fólk, myndi velja að hafa aðeins lágmarkið í samtryggingu.
2. Þeim mun hærrí tekjur sem einstaklingar hafa þeim mun meiri áhrif eru af þessum breytingum á val þeirra á milli samtryggingar og séreignar.
3. Ef iðgjaldspörf yrði óbreytt, þýddi þetta varanlega skerðingu á hlutdeild samtryggingar en aukningu í séreign.
4. Aukin iðgjaldspörf vegna t.d. breyttrar aldurssamsetningar í A-deild eða vegna aukinnar örorku sjóðfélaga veldur því að framlag til séreignar hækkar en framlag til samtryggingar stendur í stað en gefur hlutfallslega minnkandi réttindi vegna kostnaðarauka samtryggingar.
5. Niðurstaðan vekur til umhugsunar hvernig unnt yrði að meta skuldbindingar og iðgjaldspörf vegna lögbundinna réttinda í A-deild eftir þessar kerfisbreytingar. Sérstaklega verður í þessu sambandi að skoða áhrif þess að samsetning greiðandi sjóðfélaga yrði sjóðnum óhagstæðari sem myndi að öðru óbreyttu kalla á aukna iðgjaldspörf. Í framhaldi þeirrar aukningar myndi hlutdeild séreignar vaxa umfram samtryggingu sem kallaði á enn frekari hækkun heildariðgjalds og svo koll af kolli. Myndi þetta ekki ógna öllu kerfinu?